



KJÖLFESTA

FRÉTTABRÉF STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAPJÓNUSTU

Kjölur stéttarfélag | Skipagötu 14 - þriðju hæð | 600 Akureyri | Sími 525 8383 | www.kjolur.is | Mars 2024 | 2. tölublað | 20. árgangur

Verkfallið hápunktur starfsins í fyrra

Aðalfundur Kjalar stéttarfélags

Kvennaverkfallið

Starfið mitt

PSI mikilvægur vettvangur

„Sveitarfélag ársins“ valið í annað sinn

Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagastrandar, Bláskógabyggðar og Sveitarfélagsins Voga með viðurkenningar sinna sveitarfélaga. Frá vinstri: Ólafur Þór Ólafsson staðgengill sveitarsjóra Skagastrandar, Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar og Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga. Fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps, sveitarfélagsins sem hreppti 1. sæti, komst hins vegar ekki á viðburðinn vegna ófærðar.

Kjölur stéttarfélag stendur fyrir vali á sveitarfélagi ársins ásamt níu öðrum bæjarstarfsmannafélögum BSRB en valið byggir á niðurstöðu könnunar sem send er til starfsfólks sveitarfélaga. Þau sveitarfélög sem fengu besta niðurstöðu voru heiðruð í athöfn í október síðastliðnum en þetta var í annað sinn sem sveitarfélag ársins er valið.

Árið 2023 uppfylltu 21 sveitarfélag skilyrði þess að komast á lista til útnefningar og fengu fjögur þeirra nafnbótina „Sveitarfélag ársins 2023“. Þetta eru sveitarfélögin Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Vogar og Sveitarfélagið Skagaströnd. Þess má geta að Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð hlutu einnig sömu nafnbót árið 2022.

Starfsfólk Kjalar stéttarfélags annast þetta verkefni í samstarfi við Gallup en önnur félög sem að valinu standa eru Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Starfsmannafélag Vestmannaeyja, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, FOSS stéttarfélag í almannajónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur og Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi.

Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar fyrir bæjarstarfsmannafélögin tíu og sendir út rafrænan spurningalista til fé-

lagsfólks þeirra sem eru í 30% starfi eða meira og hafa verið félagsmenn í a.m.k. þrjá mánuði. Einnig gefst sveitarfélögum tækifæri til að gera sérstakan samning við Gallup og fá könnunina lagða fyrir allt starfsfólk þeirra óháð félagsaðild. Þannig geta í reynd öll sveitarfélög landsins tekið þátt.

Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi og stjórnum. Mælingin nær yfir fjölbreytta þætti en þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi sveitarfélaganna.

Þáttagreining (factor analysis) er notuð til að greina þá undirliggjandi þætti sem eru mældir. Heildareinkunnin er vegið meðaltal úr þáttunum sem greindir eru og er hún grunnur útnefningar á Sveitarfélagi ársins.

Undirbúningur fyrir könnunina Sveitarfélag ársins 2024 er hafinn og verður könnunin send til þátttakenda í apríl. Kjölur stéttarfélag hvetur alla sem fá könnunina senda til þess að taka þátt og leggja þannig hönd á plóg í baráttunni fyrir bættu starfsumhverfi.

Verkefnið heldur úti heimasíðunni www.sveitarfelagarsins.is þar sem hægt er að nálgast útgefnar skýrslur með niðurstöðum kannananna árin 2022 og 2023. Ennig er verkefnið með Facebook síðuna www.facebook/sveitarfelagarsins.



Útgefandi:
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
Skipagötu 14, þriðju hæð | 600 Akureyri
Sími 525 8383
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is
Skrifstofa Kjalar stéttarfélags, Ísafirði
Aðalstræti 24 | Sími 525 8329 | ragnheidurasa@kjolur.is
Skrifstofa Kjalar stéttarfélags, Stykkishólmi
Aðalgötu 10 | Sími 525 8328 | thorasonja@kjolur.is

Forsíðumynd:
Sumarstemning/Jóhann
Ólafur Halldórsson

Ábyrgðarmaður:
Arna Jakobína Björnsdóttir
Umsjón, textavinnsla og umbrot:
Ritform ehf., Akureyri

Prentun: Litróf umhverfissvottuð prentsmíðja



Pungi að færast í kjaramálin

Kjarasamningur félagsfólks Kjalar við ríki og sveitarfélög rennur út 31. mars næstkomandi. Umboð fyrir hönd félagsins í kjaraviðræðum er hjá samninganefnd BSRB og fylgjast bæjarstarfsmannafélögin því að við samingaborðið.

Markmið er að gerður verði kjarasamningur til lengri tíma og líkast til verður um að ræða fjögurra ára samning líkt og hefur verið stefnt að á almennum markaði.

Í kröfugerð á hendur viðsejendum, ríki og sveitarfélögum, setja opinberir starfsmenn ýmis mál á oddinn. Þar á meðal er að festa styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningi, að hámark fæðingarorlofsgreiðslna verði hækkað, barnabætur hækkaðar, að brúað verði bil milli fæðingarorlofs og leikskóla og að laun milli markaða verði jöfnuð, svo fáein atriði séu nefnd.



Fundarfólk að loknum aðalfundi 2023.

Talsverðar breytingar á stjórnarskipan

Stjórnarskipti urðu á aðalfundi Kjalar þann 29. mars á síðasta ári og ný stjórn var kjörin til þriggja ára. Áfram gegna þau Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður og Árni Egilsson, varaformaður, embættum sínum en þau Jófríður Magnúsdóttir, Sigurjón Egilsson og Baldur Magnússon eru ný í stjórn.

Á aðalfundinum létu af stjórnarsetu þrír af fyrrum formönnum félaga sem sameinuðust inn í Kjöl árið 2021; þau Helga Hafsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu, Guðbjörn Arngrímsson, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Fjallabyggðar og Björgúlfur Halldórsson, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Fjarðabyggðar. Þá luku þær Elva Björk Sturludóttir og Anna Klara Hilmarsdóttir einnig stjórnarstörfum. Á kjörtímabili fyrri stjórnar hafði Sigurður Arnórsson, fyrrverandi formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum látið af stjórnarsetu sökum veikinda.

Öllu þessu fólki eru færðar bestu þakkir fyrir störf í þágu Kjalar.

Hafið í huga!

Ekki segja upp starfi í veikindum

Ekki er æskilegt undir nokkrum kringumstæðum að félagsfólk segi upp starfi þegar veikindi koma upp. Með því gæti orðið skerðing á veikindarétti þar sem hann fellur niður við starfslok. Uppsögn starfsmanns getur aldrei skert veikindarétt hans, þ.e. ef uppsagnarfrestur er skemmri en veikindaréttur. Starfsmaður á rétt á launum í samræmi við áunninn veikindarétt, óháð uppsögninni. Byggir þetta á því grundvallarsjónarmiði að vinnuveitanda á ekki að vera mögulegt að skerða veikindaréttindi starfsmanna sinna með uppsögn úr starfi, nema að málefnalegar ástæður séu þar að baki sem ekki eigi rót að rekja til veikinda starfsmanns.

Mæðraskoðun

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram á vinnutíma.

Vernd gegn uppsögn í fæðingarorlofi

Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingarorlofs, er í fæðingarorlofi, er þungaður eða hefur nýlega alið barn nema gildar ástæður séu fyrir hendi, sem mega með engum hætti tengjast töku fæðingarorlofs eða fyrirhuguðu fæðingarorlofi. Skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sjá nánar á heimasíðu Kjalar.

Fæðingarstyrkur frá styrktarsjóði

Fæðingarstyrkur er greiddur úr Styrktarsjóði BSRB. Styrkurinn er jafnhár til kvenna og karla en hliðsjón er höfð af starfshlutfalli. Til þess að eiga rétt á fæðingarstyrk þarf félagsmaður að greiða félagsgjöld til stéttarfélagssins af greiðslum Fæðingarorlofssjóðs. Munið að setja x-ið við greiðslur til stéttarfélags þegar sótt er um í fæðingarorlofssjóð. Sjá nánar á heimasíðu Kjalar.

Lenging á sumarorlofi

Þeir starfsmenn sem samkvæmt skriflegri ósk vinnuveitenda fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu fá 25% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan framangreinds tíma. Þeir sem ekki hafa náð að taka fullt orlof þurfa að fá skriflegt frá yfirmanni að það sé gert í þágu stofnunar svo hægt sé að fara fram á 25% lenginguna.



„Verkfallið var nauðsynlegt og það skilaði okkur árangri við samningaborðið. Á því er enginn vafi. Mér finnst ekki síður mikilvægt að verkfallsaðgerðirnar juku samstöðu félagsfólks, þjöppuðu fólki saman og eflðu baráttuandann. Á þann hátt var þessi tími ákveðin vitunarvakning fyrir Kjarlafélaga og aðra opinbera starfsmenn innan BSRB sem í þessum aðgerðum stóðu,“ segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjarlar stéttarfélags.

Án efa er kjaradeilan við sveitarfélögin síðastliðið vor sá viðburður sem hvað hæst bar í starfsemi félagsins á liðnu ári en eftir fjögurra vikna verkfallsaðgerðir aðildarfélaga BSRB víða um land tókust loks samningar snemma í júní. Krafa BSRB félaganna hafði í deilunni verið sú að laun yrðu jöfnuð milli hópa fólks hjá sveitarfélögunum sem gengdu sömu störfum en væri ekki mismunað eftir stéttarfélögum.

Víðtækar aðgerðir

Arna Jakobína segir verkföll krefjandi fyrir öll stéttarfélög, hvort heldur þau eru stór eða lítil. Reynslan hafi sýnt í vor hversu mikilvægt sé að hafa að baki félögunum sterk heildarsamtök líkt og BSRB, bæði til að samræma aðgerðir og annast tiltekin mikilvæg verkefni meðan á aðgerðum stendur.

„Fyrir mig persónulega var þetta sérstakur tími því að þrátt fyrir að ég hafi gert fjöldan allan af kjarasamningum í gegnum tíðina þá var þetta í fyrsta skipti sem ég stýri félagi í verkfallsaðgerðum til að knýja á um samninga,“ segir hún en þungi aðgerða á vinnustöðum félagsfólks Kjarlar var á síðari stigum baráttunnar og skömmu áður en samningar tókust. Starfsmenn sundlaugarmannvirkja á félagssvæði Kjarlar lögðu niður vinnu á alls 9 vinnustöðum um hvítasunnuhelgina en í byrjun júní náðu verkföllin til vinnustaða í alls 29 sveitarfélögum á landinu hjá

Kjarlarkonan Brynja Rún ræðir við fréttamann RUV um verkfallið.




m.a. starfsfólki í leikskólum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum, þjónustumiðstöðvum, bæjarskrifstofum, áhaldahúsum og höfnum.

Daglegir upplýsingafundir og virkir trúnaðarmenn

„Verkfallið náði til um 500 manns innan Kjarlar. Við nýttum okkur Teams fjarfundabúnað mjög vel, ég hélt upplýsingafundi á hverjum morgni þar sem við tengdumst við verkfallsmiðstöðvar fólks á okkar svæði og þarna komu líka trúnaðarmenn félagsins

„Verkfallið efldi samstöðu og baráttuanda félagsfólks“



Kjalarkonur hittust á Norðfirði.

sterkt inn í starfið. Ég skynjaði mikla samstöðu félagsfólks og baráttuvilja sem ber að þakka. Félagsfólk lagði mikið á sig bæði persónulega og sem félag því kostnaðurinn í formi verkfallsbóta nam um 80 milljónum króna og er þó ótalinn annar kostnaður sem til féll af þessum aðgerðum. Engu að síður tel ég að við í stéttarfélagunum innan BSRB höfum komið þeim skilaboðum út að við erum algjörlega reiðubúin til að standa á rétti okkar og grípa til harðra aðgerða þegar mismunur blasir við okkar félagsfólki líkt og var í þessu tilviki hjá sveitarfélagunum,” segir Arna Jakobína.

Verkfall sem hefði átt að vera óþarft

Verkfallinu lauk með samningum um sáttargreiðslu að tillögu ríkissáttasemjara sem Arna Jakobína segir að hafi borið að með óvenjulegum hætti miðað við það sem gerist í kjaradeilum sem þessum.

„Það var mjög sérstakt og óvenjulegt að þessi sáttargreiðsla var ekki hluti af kjarasamningnum sjálfum heldur hliðarskjal við kjarasamninginn á bréfhaus ríkissáttasemjara. Með samþykkt þessarar tillögu mættust samningsaðilar,” segir Arna Jakobína og bætir við að í raun og sann sé furðulegt að þurft hafi að beita svo víðtækum verkfallsaðgerðum sem raun bar vitni í baráttu fyrir ekki stærra réttlætismáli í kjaradeilu.

„Þeir þættir sem ýmist fóru illa eða voru neikvæðir í hugum trúnaðarmanna okkar voru m.a. framkoma, afstaða til samninga og skortur á stuðningi hjá sumum bæjaryfirvöldum og/eða yfirmönnum. Í sumum tilfellum var óvissa um hvað mætti og mætti ekki gera í verkfalli, þá sérstaklega hjá starfsfólki leikskóla sem ekki var í verkfalli. Erfitt var að eiga við verkfallsbrot á sumum stöðum og einhverjir upplifðu sig utanveltu og vissu ekki hvernig þeir gætu tekið virkari þátt í aðgerðum, þá sérstaklega á þeim stöðum þar sem ekki voru starfandi trúnaðarmenn,” segir Arna Jakobína.



Verkfallsverðir við sundlaugina í Ólafsfirði.



Málin rædd í verkfallsmiðstöðinni á Sauðárkróki.

Styrkir mannauðs- sjóðanna 2023

Mannauðssjóður Kjalar er starfsþróunarsjóður á grundvelli kjarasamnings Kjalar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 2009. Einnig starfar Mannauðssjóður Samflots á félagssvæði Kjalar og hefur gert frá árinu 2010.

Sjóðirnir veita styrki til:

- Sveitarfélaga, stofnana og vinnuveitenda sem greiða í sjóðinn
- Kjalar stéttarfélags, Sameyki stéttarfélags í almannajónustu vegna félagsmanna hjá Akranesi, Seltjarnarnesbæ og öðrum bæjarstarfsmannafélögum
- Verkefna sem sjóðsstjórn skipuleggur eða á aðkomu að

Frekari upplýsingar um sjóðina má finna annars vegar á heimasíðu Kjalar, www.kjolur.is og hins vegar á heimasíðu Samflots, www.mannaudssjodur.samflot.is

Úthlutanir Mannauðssjóðs Kjalar 2023

Heildarupphæð sem úthlutað var úr sjóðnum árið 2023 var 28.657.129 kr. Af þeirri fjárhæð voru 74% vegna náms- og kynnisferða erlendis (þ.m.t. ráðstefnur) en úthlutunarupphæð vegna þeirra ferða var í heild 21.945.552 kr. Úthlutun vegna náms- og kynnisferða innanlands (ráðstefnur þ.m.t.) var umtalsvert lægri, í heildina 642.004 kr. Alls var úthlutað 5.314.998 kr. í styrki til sveitarfélaga vegna fræðslutengdra verkefna á þeirra vegum og vegna samstarfssamnings við fræðslusetrið Starfsmennt. Á árinu fengu tvö sveitarfélög úthlutað 754.575 kr. samanlagt vegna verkefnisins Fræðslustjóri að láni.

Úthlutanir Mannauðssjóðs Samflots árið 2023

Heildarupphæð sem úthlutað var úr sjóðnum árið 2023 var 61.251.378 kr. Af þeim fjármunum voru 73% vegna náms- og kynnisferða erlendis (þ.m.t. ráðstefnur) eða um 44.822.852 kr.


Alls var úthlutað 315.365 kr. vegna náms- og kynnisferða innanlands (þ.m.t. ráðstefnur). Um 24% af úthlutunarupphæðinni í heild voru vegna samstarfssamnings við fræðslusetrið Starfsmennt og vegna fræðslutengdra verkefna sveitarfélaga. Tvö sveitarfélög fengu úthlutað styrkjum vegna verkefnisins Fræðslustjóri að láni að upphæð 955.104 kr. samanlagt.

Fjárhagsstaða sjóðanna

Mikil ásókn var í styrki vegna náms- og kynnisferða árið 2023 og þegar litið er til þess hvernig heildarupphæðin skiptist eftir verkefnum þá sést hve drjúgur hluti af heildarfjárhæð rennur til þeirra verkefna. Hjá Mannauðssjóði Kjalar voru það 77% af heildarupphæðinni og 73% hjá Mannauðssjóði Samflots.

Fjárframlög í sjóðina hafa ekki breyst undanfarin ár og greiða sveitarfélögin 0,2% í þá. Ásókn í sjóðina hefur farið vaxandi síðustu misseri með verulegri fjölgun umsókna vegna náms- og kynnisferða erlendis. Heildarinnkoma Mannauðssjóðs Kjalar á ársgrundvelli er í kringum 15,5 milljónir króna og Mannauðssjóðs Samflots í kringum 33 milljónir króna. Styrkloforð sjóðanna árið 2023 voru umtalsvert hærri en innkoma þeirra eða ríflega tvöföld. Sjóðirnir hafa staðið undir auknum fjárútlátum í styrkveitingar vegna uppsafnaðs hagnaðar í kjölfar þeirra ferðatakmarkana sem Covid faraldurinn orsakaði. Sú geta þeirra var eingöngu tímabundin og gengið hefur hratt á sjóðina eftir að Covid takmörkunum lauk og ásókn í náms- og kynnisferðir erlendis jókst á ný.

Í desember 2023 funduðu stjórnir Mannauðssjóðs Kjalar, Mannauðssjóðs Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Mannauðssjóðs KSG vegna bágrar fjárhagsstöðu sjóðanna. Niðurstaða fundarins var ákvörðun um að loka á styrkveitingar vegna ferðakostnaðar og gistingar í náms- og kynnisferðir og tók sú breyting gildi frá 24. desember 2023.



Óbreytt verð milli ára!

Hægt að sækja um orlofshús frá og með 2. apríl

Þann 2. apríl næstkomandi verður opnað fyrir umsóknir um orlofshús félagsins á sumarorlofstímanum 31. maí til og með 8. september. Líkt og í fyrra gildir sú regla að fyrstur kemur - fyrstur fær.

Framkvæmt á Eiðum

Sumarhúsin á Eiðum koma inn í úthlutun frá 1. júlí en þar standa nú yfir hitaveituframkvæmdir. Auk þess að húsin verða tengd hitaveitu verða heitir pottar settir við þau. Hér eftir verða húsin einnig í boði yfir vetrartímann.

Orlofseignasafnið stokkað upp

Tekin var ákvörðun nú í febrúar um að gera breytingar á orlofseignasafninu. Hús félagsins í Úlfsstaðaskógi og Húsafelli verða seld og sömuleiðis er stefnt að sölu þriggja húsa í Munaðarnesi. Stefnt er að verulegum endurbótum á húsum í Munaðarnesi sem þess þarfnast. Bætt verður við íbúð í Reykjavík og stefnt að því að núverandi íbúðir verði seldar og aðrar keyptar í stað þeirra.

Alls verða 150 styrkir í boði til „Orlofs að eigin vali“, að fjárhæð 30.000 kr. hver.

Sama verð og í fyrra!

Vakin er athygli á að verð orlofshúsa til félagsfólks er óbreytt frá árinu 2023. Með því vill Kjölur stéttarfélag ganga á undan með góðu fordæmi og leggja sín lóð á vogarskálarnar í baráttu við verðbólgu og háa vexti.



KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu

Nýtt
rafrænt
orlofsblað
er á
kjolur.is

REYKJAVÍK



Sólheimar 25



Sólheimar 27, 3 íbúðir



Söltún 30

KÓPAVOGUR



Lækjarsmári 4

MUNAÐARNES



Eyrarhlíð 37



Stekkarhóll 63 (gestahús)



Stekkarhóll 64



Vörðúas 20



Vörðúas 21

MUNAÐARNES



Reynihlíð

HÚSAFELL



Ásendi 6

VARMAHLÍÐ



Reykjahólsvegur 8

AKUREYRI



Hólmatún 7

KJARNASKÓGUR



Gata Mánans nr. 7,
Kjarnabyggð

VAÐLAHEIÐI



Vaðlaborgir

ILLUGASTÐIR



Illugastaðir, tvö hús

FLJÓTS DALSHÉRAÐ



Eiðar – hús nr. 3

FLJÓTS DALSHÉRAÐ



Eiðar – hús nr. 8



Eiðar – hús nr. 7 (gestahús)



Úlfsstaðir – hús nr. 31

SUÐURLAND



Lyngás, Bláskógabyggð



Barátta kvenna og kvára

Talið er að um fjórðungur þjóðarinnar hafi svarað kalli skipuleggjenda Kvennaverkfallsins og safnast saman á baráttufundum á að minnsta kosti tuttugu stöðum um allt land þann 24. október í fyrra. Enn fleiri konur og kvár lögðu niður störf, umferð var þriðjungi minni, leikskólar og aðrar menntastofnanir lokuðu, heilbrigðisþjónusta var í algjöru lágmarki, bankaútibú og búðir lokuðu dyrum sínum og svona mætti lengi telja. Þó gátu ekki öll tekið þátt sem vildu enda eru konur í miklum meirihluta í þjónustu við fatlaða, aldraða og sjúklinga sem ekki var hægt að skilja eftir umkomulaus og sum óttuðust einnig neikvæðar afleiðingar hjá atvinnurekendum sem að studdu ekki þátttöku í verkfallinu.

Það sem einkenndi daginn var gleði, kvenorka og samstaða. Konur og kvár um allt land lýstu stolti yfir því að vera hluti af sögulegum atburði. En fleiri tilfinningar bærðust innra með okkur. Ergelsi, sárindi og reiði brutust upp á yfirborðið enda höfum við líklega öll upplifað kynbundna mismunun og óréttlæti á lífsleiðinni. Þessi ótrúlegi fjöldi sem safnaðist saman var skýrt merki um reiði yfir hægaganginum; um óþol gagnvart því kerfisbundna ójafnrétti sem við búum enn við í landi sem talið er fyrirmyndarríki og jafnréttisparadís.

Fokk, feðraveldið?

Við, konur og kvár, búum við meiri mótvind en karlar. Það er staðreynd. Kerfisbundin mismunun veldur gífurlegu vanmati á störfum og framlagi kvenna hvort sem það er í vinnu eða heima fyrir. Tekjur kvenna á Íslandi eru enn um 21% lægri en karla. Konur búa síður við fjárhagslegt sjálfstæði, þrátt fyrir að vinna fullt starf, og bera aukinn þunga af heimilisstörfum og barnauppleði, svo ekki sé talað um þriðju vaktina. Þetta valda kerfi vegur ekki einungis að fjárhagslegu öryggi kvenna, heldur einnig líkamlegu og andlegu öryggi. Að minnsta kosti 40%



Konur fjölmenntu á dagskrá Kvennaverkfallsins á Arnarhóli í Reykjavík og víða um land.

Mynd: Heiðrún Fivelstad

kvenna verða fyrir kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi í þessari jafnréttisparadís.

Samt hrukku ýmsir við þegar hrópað var „FOKK FEDRAVELDIÐ“ á útifundinum á Arnarhóli. Sumum fannst of langt gengið að nota svo dónalegan munnsöfnuð. Svo sé feðraveldi líka svo ljótt orð og ekki allir feður vondir. En feðraveldið er bara hugtak sem hefur ekkert með einstaka feður að gera heldur snýr að því að karlar bjuggu til kerfi sem setur okkur öll í ákveðna fjötra út frá kyni. Það sem er talið karllægt hlýtur virðingu og völd en það sem er kvenlegt er álitid ómerkilegra. Þetta kerfi leiðir svo af sér launamismunun og kynferðisofbeldi eins og bent var á hér að framan.

Fokk feðraveldið kjarnaði því ágætlega tilfinningalíf um eitt hundrað þúsund kvenna og kvára á Arnarhóli og víðar um landið sem þurfa að búa við þetta kerfi.





Höfundur er Freyja Steingrimsdóttir, samskiptastjóri BSRB.

Stelpur horfa bálreiðar um öxl

Kvennafrídagurinn 1975 var vendipunktur í jafnréttisbaráttunni á Íslandi. Það var nefnilega ekki fyrr en í kjölfar hans sem að Ísland tók að skara fram úr í jafnréttismálum. Hann var upphafið að þeirri ímynd sem heimurinn hefur af Íslandi í dag sem jafnréttisparadís.



Arna Jakóbína, formaður Kjarar, undirbýr sviðið fyrir baráttufundinn á Ráðhústorgi.

Konur mega vera reiðar og dónalegar í jafnréttisbaráttunni. Hver einasti sigur hefur verið af-rakstur þrotlausrar vinnu kvenna sem ráku sig á ótal veggi feðraveldisins. Það er því ansi ódýrt að segja konum hvaða orð þær mega nota eða að þær

eigi að sýna biðlund og vera þakklátar fyrir að búa í jafnréttisparadís. Sagan segir okkur að ekkert kemur af sjálfu sér og það þarf standa vörð um alla áfangasigra. Baráttunni er hvergi nærri lokið og í henni mun stórhuga verkalyðshreyfing áfram skipta lykilmáli.

Styrkir fræðslusjóðs Kjarar 2023


Fræðslusjóður Kjarar úthlutaði á liðnu ári samtals tæpum 24,4 milljónum króna í styrki. Líkt og sjá má á meðfylgjandi yfirlitsmynd voru tveir liðir áberandi stærstir, þ.e. styrkir til háskólanáms og hins vegar liðurinn námsstyrkir, námskeið og fleira. Samanlagt námu styrkir í þessum tveimur flokkum um helmingi styrkúthlutana á árinu 2023, eða 53% heildarúthlutunar.

Líkt og sjá má var úthlutað styrkjum í alls 11 flokkum og voru lægstu styrkirir vegna tölvunáms, ferðakostnaðar, ráðstefna

og náms- og kynnisferða innanlands. Styrkir vegna náms- og kynnisferða erlendis námu aftur á móti tæpum þremur milljónum króna í heild.

Styrkir fræðslusjóðs hækkuðu milli ár, þ.e. frá árinu 2022, um rúmar 6 milljónir króna. Fræðslusjóður hefur að markmiði að auka hæfni sjóðsfélaga og möguleika þeirra til þróunar í starfi eða eftir atvikum að styrkja þá til sí- og endurmenntunar.

Úthlutanir árið 2023





Tillaga um fulltrúa á þing BSRB

Fyrir aðalfund Kjalar stéttarfélags verður lögð eftirfarandi tillaga stjórnar um fulltrúa á 47. þing BSRB. Þingið verður haldið á Hilton Hótel Reykjavík dagana 2.-4. október næstkomandi.

Aðalfulltrúar:

Arna Jakobína Björnsdóttir	Ingunn Jóhannesdóttir
Árni Egilsson	Jófríður Magnúsdóttir
Baldur Magnússon	Klaudia Gunnarsdóttir
Brynja Rún Guðmundsdóttir	Kristín Sigurðardóttir
Gunnfríður Magnúsdóttir	Lísa Björk Gunnarsdóttir
Hólmfríður Jónsdóttir	Ómar Örn Jónsson
Hólmfríður Ósk Norðfjörð	Sigurjón Egilsson
Hulda Guðmundsdóttir	Una Pálmadóttir

Varafultrúar

1. varamaður Anna Katarzyna Szafraniec
2. varamaður Baldur Jóhann Björgvinsson
3. varamaður Kristjana Árnadóttir
4. varamaður Halla Steinunn Tómasdóttir
5. varamaður Helga I. Jóhannsdóttir
6. varamaður Íris Björk Sigurjónsdóttir
7. varamaður Katarzyna Kapszukiewicz
8. varamaður Anna Karítas Ingvarsdóttir Sighvats
9. varamaður Sigríður María Bragadóttir
10. varamaður Áslaug Ottósdóttir
11. varamaður Friðrik Þór Jónsson
12. varamaður Heiðrún Hallgrímsdóttir
13. varamaður Baldur Þórsson
14. varamaður Sigurbjörg Björnsdóttir
15. varamaður Halldóra Ingimundardóttir
16. varamaður Gústaf Adolf Þórarinsson



Skipulag skrifstofu- halds Kjalar

Skrifstofuhald og skipulag daglegs Kjalar hefur verið í stöðugri mótnun frá sameiningunni árið 2021. Á liðnu ári hætti Helga Hafsteinsdóttir, starfsmaður Kjalar á skrifstofu félagsins í Grundarfirði störfum og flutti búferlum á höfuðborgarsvæðið. Helga er fyrrum formaður Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu og eru henni færðar þakkir fyrir störf sín á þessum vettvangi.

Auglýst var eftir nýjum starfsmanni án staðsetningar á Snæfellsnesi eða í Dölum og í kjölfarið réðist Þóra Sonja Helgadóttir til starfa en hún er með sálfræði- og sjúkraliðamenntun. Skrifstofa Kjalar er nú við Aðalgötu 10 í Stykkishólmi. Þóra Sonja annast símsvörun, hefur málefni orlofshúsa á sinni könnu og fleiri verkefni.

Á skrifstofu Kjalar á Ísafirði starfar sem fyrr Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir og hefur hún með höndum færslu bókhalds félagsins sem er nú allt orðið rafrænt.

Á skrifstofu Kjalar á Akureyri eru þrír starfsmenn og auk almennra málefna sem snúa að daglegum rekstri félagsins er þar unnið að fræðslumálum, kjaramálum og trúnaðarmannastarfinu frá skrifstofunni á Akureyri. Þar eru í störfum sínum þær þær Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður félagsins, Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, verkefnastjóri og Anna Guðný Guðmundsdóttir, rekstrarstjóri. Elísabet Ögn réðist til félagsins í fyrra en hættir störfum í lok apríl en að loknum sumarleyfum snýr Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, lögfræðingur, til baka úr fæðingarorlofi.

Tillögur til aðalfundar

Stjórn Kjalar stéttarfélags ákvað á fundi sínum þann 14. mars 2024 að leggja eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund til samþykktar:

1. Tillaga um félagsgjöld

Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að félagsgjöld verði óbreytt frá því sem nú er þ.e.a.s. 1% af öllum launum.

2. Tillaga um gjald í átaks- og vinnudeilusjóð

Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að gjald í vinnudeilusjóð verði 8% af félagsgjaldi að fráðregnum gjöldum til BSRB. (Sem er helmings hækkun frá því árinu áður.)

3. Tillaga um gjald í áfallasjóð

Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að gjald í áfallasjóð verði 2% af félagsgjaldi að fráðregnum gjöldum til BSRB.

4. Tillaga um framlag úr orlofssjóði til félagssjóðs

Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að orlofssjóður greiði 15% af orlofssjóðsgjöldum til félagssjóðs til að mæta kostnaði af rekstri orlofssjóðs.

5. Tillaga um félagsgjald starfsmanna sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna

Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að þeir embættismenn sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og eru án kjarasamnings fái aðild að félaginu. Félagsgjald verði 1% ef vinnuveitandi greiðir móttframlag en að öðrum kosti 2,11% sem skiptist í alla sjóði félagsins eftir ákvæðum þeirra þar um.

„Smíðakennslan eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert“

Starfið mitt

Hulda Birna Vignisdóttir sem er fædd og uppalin á Blönduósi, fluttist til Reykjavíkur þegar grunnskólanámi lauk og menntaði sig í almennri hönnun. Ræturnar slitnuðu þó ekki alveg upp við Húnaflóann og hún flutti á ný norður yfir heiðar fyrir fimm árum. Þar bauðst henni að taka við starfi forstöðumanns í skipulögðu frístundastarfi yngstu bekkja grunnskólans, prófa eitthvað nýtt, eins og hún segir sjálf. Og hún gerði gott betur því frá áramótum hefur hún kennt smíðar við Húnaskóla og er jafnframt í smíðakennaranámi við Háskóla Íslands.

Skipulögð afþreying fyrir börnin

„Frístundin er í boði fyrir börn í 1.-4. bekk og þessi þjónusta er valkvæð. Hjá okkur er reyndin sú að meirihluti barna í þessum bekkjum er í frístund og að jafnaði telur hópurinn um 45 börn,“ segir Hulda Birna en frístundin tekur við þegar skóladeginum sleppir upp úr hádegis. Þetta er í reynd skipulögð afþreying fyrir börnin en ekki kennsla.

„Við erum samt með skiplagð starf í frístundinni, misjafnt eftir dögum hvað er í boði og yfirleitt úr nokkrum möguleikum að velja fyrir börnin á hverjum degi. Svo eru mörg barnanna að fara frá okkur á t.d. fótboltaæfingar, sundæfingar, í tónlistarskólann eða í frjálsar íþróttir og koma svo aftur til okkar en frístundin er

til kl. 16 á daginn. Við erum með aðstöðu í grunnskólanum og íþróttahúsið er hér við hliðina svo að þetta er mjög þægilegt. Svo getur þetta bara verið blómynd og popp ef svo ber undir en við nýtum okkur líka útiaðstöðuna hér við skólann,“ segir Hulda Birna. Skemmtilegt uppbrot í frístundastarfinu er einu sinni í mánuði þegar helmingur barnahópsins fer á Héraðshælið á Blönduósi og drekkur kaffi með eldri borgurum, spjallar eða spilar við eldra fólkið og nú fyrir jólin föndruðu yngstu og elstu Húnvetningarnar saman. „Þetta var hugmynd sem kom frá sjúkrahúsinu og hefur verið reglubundið frá því haust og mælst afskaplega vel fyrir,“ segir Hulda Birna.

Allir glaðir í smíðatímum

Hulda Birna tók um síðustu áramót að sér smíðakennslu við grunnskólann. „Ég lærði almenna hönnun á sínum tíma og hef alltaf verið handlagin og haft gaman af svona verklegum hlutum. Ég greip því tækifærið í smíðakennslunni þegar það gafst. Ég held að smíðakennslan sé eitt allra skemmtilegasta starf sem ég hef tekið mér fyrir hendur, ekki síst vegna þess að nemendurnir eru svo áhugasamir og það eru allir tilbúnir að koma í smíði og taka þátt. Og það er svolítið líka þannig í frístundinni, börnin eru glöð og maður fær mikið knús,“ segir Hulda Birna.



Hulda Birna Vignisdóttir í smíðastofunni.



Samstarfskonurnar Kristjana Pétursdóttir og Katarzyna Kapszukiewicz á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík.

Gefandi að vinna með börnunum

Á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík starfa þær Katarzyna Kapszukiewicz og Kristjana Pétursdóttir. Katarzyna hefur starfað á leikskólanum í sex ár og starfaði áður í fiskvinnslu en Kristjana hefur verið starfsmaður á Krílakoti í fimm ár og starfaði áður við sitt fag sem snyrtifræðingur.

Purfum stærra húsnæði

„Það er miklu skemmtilegra að hugsa um börn en fisk,“ segir Katarzyna hlæjandi en hún er trúnaðarmaður Kjarar á leikskólanum. Þær stóllur eru sammála um að starfið með börnunum sé gefandi þó álagið geti verið mikið.

„Þetta getur verið breytilegt eftir því hvernig mönnun er á deildunum, hvort eru forföll eða eitthvað slíkt. Heilt yfir er þetta skemmtilegt en krefjandi starf,“ segja þær. Undir merkjum Leikskóla Snæfellsbæjar starfa tveir leikskólar en auk Krílakots í Ólafsvík er leikskólinn Kríuból á Hellissandi. Stækkun Krílakots stendur fyrir dyrum sem þær Katarzyna og Kristjana segja kærkomna því tilfinnanlega skorti meira húsrými fyrir starfseminu.

„Ætlunin er að stækka leikskólann og við vonumst til þess að það verði gert síðar á árinu. Þetta er viðbygging sem tengist við gamla hlutann, sem mun bæta starfsmannaaðstöðu til muna. Okkur vantar betri aðstöðu, betri undirbúningsaðstöðu, kaffistofu og fleira.“

Mikil samskipti

Börn fá pláss á Krílakoti þegar þau eru 18 mánaða gömul og 12 mánaða á Kríubóli en ekki er bið eftir leikskólaplássum í Snæfellsbæ eins og er. „Á Hellissandi eru 37 börn og í Ólafsvík eru 46 börn segir Kristjana og svarar því aðspurð að hún hafi tekið ákvörðun um að skipta úr snyrtifræðinni yfir á leikskólann til að fá bæði meiri félagsskap og komast meira út af heimilinu þar sem hún var með snyrtistofuna.

„Þetta er einmitt starf sem býður upp á mikil samskipti, bæði við foreldra og börnin og eru engir tveir dagar eins,“ segir hún.

Verkfallið var erfitt

Á Krílakoti og Kríubóli lögðu starfsmenn niður störf í verkfallsaðgerðum BSRB félaga síðasta vor og segja þær Katarzyna og Kristjana það hafa verið nýja reynslu. „Í byrjun vorum við að sjá framin verkfallsbrot þar sem gengið var í okkar störf sem mátti ekki á meðan verkfallinu stóð. Viðmótið sem við fengum frá samstarfskonum okkar sem ekki voru í verkfalli var gott, og gátum við rætt við þær um það sem var í gangi þegar við komum í reglulegar verkfallsvörslur á leikskólann. Að lokum var svo hlustað á okkur af bæjaryfirvöldum og verkfallsbrotin hættu. Það er ekki gaman að fara í verkfall og enn erfiðara í svona litlum bæjarfélögum þar sem allir þekkja alla.“

„Þurfum að vera viðbúin hverju sem er“

Starfið mitt

Segir Hildur Larsen sem starfar í afgreiðslu bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri



Hildur Larsen á vinnustað sínum á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

„Hingað kemur fólk í mjög mismunandi ástandi og við þurfum í þessu starfi að vera viðbúin hverju sem er. Fólk getur verið með flensu, beinbrotið eða jafnvel að fá hjartaáfall, enn aðrir í annarlegu ástandi vegna lyfja og þannig má áfram telja,“ segir Hildur Larsen sem starfar í afgreiðslu bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Þar hóf hún störf árið 2015 en hafði áður verið í 10 ár í starfi hjá heilsugæslunni.

Skiptir máli að spyrja réttu spurninganna

„Við þurfum að vera mjög vel vakandi fyrir því sem fólk segir okkur þegar það kemur. Þrátt fyrir að það sé ekki okkar að greina hvað hrjáir fólk sem til okkar leitar þá þurfum við engu að síður að lesa út úr samtölunum hvort fólk þarf forgang inn á bráðamóttökuna vegna ástands síns. Við höfum ákveðna punkta til að spyrja um og svo lærist í þessu starfi nokkuð fljótt að til dæmis einkenni eins og verkir í brjóst-kassa, út í hendur og upp í háls geta verið merki um hjartavandamál sem þola ekki bið. Og sömuleiðis lærist að sjúkdómseinkennum eru ólík hjá körlum og konum,“ segir Hildur.

Í fyrra fór hún ásamt samstarfsskonum í móttökunni á skyndihjálparnámskeið sem hún segir hafa reynst dýrmætt því síðan þá hafa tveir einstaklingar fengið hjartaáfall í dyrgættinni á bráðamóttökunni. „Og svo sérstakt sem það er þá var það sami starfsmaðurinn hjá okkur sem var á vakt og þurfti að bregðast við í báðum tilfellum með fyrstu aðstoð og hjartahnoði.“

Skemmtiferðaskipin boða álag

Hildur viðurkennir að færni í mannlegum samskiptum sé dýrmæt í hennar starfi. „Fólk getur verið mjög óþolinmótt, það getur verið í ölvunarástandi, svo eru það útlendingarnir og tilheyrandi tungumálaörðugleikar og þannig mætti áfram telja,“ segir Hildur og í þessu sambandi berst talið að fjöldi skemmtiferðaskipa sem til Akureyrar koma á sumrin.

„Skemmtiferðaskipin boða bara aukið álag hjá okkur. Við fáum alltaf einhverjar heimsóknir tengdar þessum skipakomum, spurningin er bara hversu margar. Sem betur fer gengur þetta oftast vel en það geta komið mjög erfið tilfelli inn á milli.“

Í afgreiðslu bráðamóttökunnar eru tvískiptar vaktir frá kl. 8 á morgnana til kl. 23 á kvöldin. Starfsmenn eru á vakt þriðju hverja helgi. „Okkar starf snýst líka um afgreiðslu fyrir sérfræðimóttöku og myndgreiningardeild sjúkrahússins. Á góðum degi geta komið yfir 100 manns en svo geta verið rólegir dagar inn á milli.“

Opinber stéttarfélög sem berjast fyrir mannréttindum

Það er auðvitað ákveðin hryllingsmynd að horfa á hvernig mannréttindi eru fótum troðin og einskis virt víða í heiminum. Við sjáum ríkisstjórnir, bæði vestan og austan hafs, fangelsa fólk fyrir að segja fréttir eins og Julian Assange gerði og var fangelsaður fyrir. Hans sök var m.a. að upplýsa almenning um stríðsglæpi Bandaríkjahers í Íraksstríðinu og um brot á alþjóðalögum þegar fangar voru pyntaðir með hryllilegum hætti í Guantanamo fangelsinu. Í Rússlandi eru fangelsanir fólks vegna pólitískra skoðana þeirra daglegt brauð. Skoðana sem varða þeirra daglega líf. Fólk er fangelsað fyrir að andmæla ríkjandi stjórnarforingi og stríðsrekstri Putins. Það veit að því verður stungið í fangelsi og sleppur þaðan aldrei út fyrir að segja á opinberum vettvangi að keisarin sé í engum fótum. Nærtækasta dæmið er stjórnarandstæðingurinn Alexir Navalny sem týndi lífi sínu í ríkisfangelsi á dögum í

Síberíu. Forseti Rússlands ber ábyrgðina á dauða hans eins og svo margra annarra sem honum þykir ógna sér.

Að standa vörð um mannréttindi

PSI, alþjóðleg samtök opinberra stéttarfélaganna, gagnrýna harkalega slíkt andfélagslegt stjórnarfar sem hér hefur verið upp talið og á sama tíma berjast þau fyrir félagslegu réttlæti um allan heim. Hlutverk þeirra er að opna augu ríkjandi stjórnvalda um hvað og í hverju félagslegt réttlæti felst. Að standa vörð um mannréttindi eflir gæði opinberrar þjónustu og velsæld starfsfólksins. Í samtökunum eru 154 lönd með 30 milljónir opinberra starfsmanna innan sinna raða og eiga stéttarfélög innan BSRB aðild að þeim.



Frá PSI-þinginu sem haldið var í Genf á síðasta ári. Þingið sóttu fulltrúar stéttarfélaganna á Íslandi, þar á meðal formaður Kjalar stéttarfélagss.



PSI eru alþjóðleg samtök opinberra stéttarfélaganna.



Rosa Pavanelli fyrrum framkvæmdastjóri PSI sagði á þinginu í Genf að alþjóðleg heildarsamtök opinbers starfsfólks stæðu saman gegn stríði, hvers kyns mannréttindabrotum og hatri.

Við eigum öll rétt á því að lifa eins og við viljum lifa

Á þingi PSI sem haldið var í Genf á síðasta ári kom fram að á hverjum degi láta opinberir starfsmenn lífið í sínum störfum um allan heim. Ráðist er að mannréttindum þeirra og fólki í opinberum störfum er útskýfað og jafnvel myrt fyrir að tilheyra minnihlutahópi, t.d. samkynhneigðum, LGBT+ og fleiri minnihlutahópum. Í Palestínu deyr opinbert starfsfólk við að bjarga almennum borgurum frá sprengjuregni Ísraels hers sem drepð hefur rúmlega 30 þúsund manns og þar af rúmlega 14 þúsund börn þegar þetta er skrifað. Rosa Pavanelli fyrrum framkvæmdastjóri PSI sagði á PSI-þinginu í haust að alþjóðleg heildarsamtök opinbers starfsfólks stæðu saman gegn stríði,

hvers kyns mannréttindabrotum og hatri, hvaða nafni sem þau nefnist.

„Við stöndum saman gegn stríðum, mannréttindabrotum, hatursorðræðu um hinsegin fólk, LGBT+ og aðra minnihlutahópa. Við, í þessum alþjóðasamtökum opinbers launafólks, höfnum allri hatursorðræðu og kúgun þessara hópa. Við skulum minnst þess að við eigum öll rétt á því að lifa eins og við viljum. Við þurfum að tryggja þeim hópum, án tillits til kyns, hörundslitar eða hvernar trúar það er, líf í friðsæld og öryggi hvar sem fólk er stadd í heiminum,“ sagði Rosa Pavanelli.

Ótvíræður stuðningur og samstaða

BSRB, KÍ og ASÍ samþykktu ályktun nýverið til stuðnings Palestínu. Þar segir að frá því árárs Ísraels á Gaza hófust hafi her Ísraels drepð yfir 30.000 íbúa Palestínu, þar af af 12-15.000 börn, rústað nauðsynlegum innviðum og hrakið nær alla íbúa Gaza á flóttu á mjög takmörkuðu landsvæði sem hefur verið í herkví síðastliðin 17 ár.

„Verkalýðshreyfingin er hreyfing lýðræðis, mannréttinda og friðar á alþjóðavísu og fjöldi systursamtaka innan PSI um gervallan heim beita nú einnig afli sínu til að binda enda á hörmungarnar í Palestínu ásamt því að grasrót stéttarfélaganna um allan heim sýni samstöðu gegn hverskyns mannréttindabrotum sem eiga sér stað í aðildarlöndum þess,“ sagði í ályktuninni.

Stjórnmalafólk er ekki hornsteinn lýðræðisins heldur fólkið sjálft og hreyfingar þess sem berjast fyrir því að mannréttindi séu virt.

Aðalfundur



Aðalfundur Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu verður haldinn að Skipagötu 14 á Akureyri (salur á 4. hæð) kl. 17 fimmtudaginn 21. mars næstkomandi. Fundurinn verður einnig í fjarfundi og því þarf að skrá þátttöku á heimasíðu félagsins: www.kjolur.is

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta ári, samþykkt reikninga og kosning fulltrúa á þing BSRB.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar frá síðastliðnu ári og skýrsla orlofssjóðs.
4. Endurskoðaðir reiningar félagsins fyrir liðið ár lagðir fram.
 - a. Félagssjóður - umræður - afgreiðsla
 - b. Orlofssjóður - umræður - afgreiðsla
5. Tillögur til lagabreytinga.
6. Kosning fulltrúa á þing BSRB 2024.
7. Tillaga um árgjald félagsmanna og skiptingu þess milli sjóða.
8. Málefni fræðslusjóðs, skv. reglum sjóðsins.
 - a. Umræða - afgreiðsla
9. Málefni átaks- og vinnudeilusjóðs, skv. reglum sjóðsins.
 - a. Umræða - afgreiðsla
10. Tillaga um fjárhagsáætlun næsta árs.
11. Önnur mál.